

Skotthúfa frá Auðar

Árið 1970 hlaut Auður Sveinsdóttir viðurkenningu fyrir skotthúfu í hekl- og prjónasamkeppni Álafoss. Uppskriftin birtist hér endurgerð í tilefni af prjónakaffi Heimilisiðnaðarfélags Íslands í streymi á netinu vorið 2021 í samvinnu við safnið *Gljúfrasteinn – hús skáldsins*.

Staðfært með leyfi ættingja höfundar
Guðný María Höskuldsdóttir
Þórdís Halla Sigmarsdóttir

Uppskrift


Ein stærð (höfuðstærð 52 - 60 cm), tvær mismunandi úrtökuaðferðir.

Efni: Léttlopi 50 gr.

Prjónar: Hringprjónn nr. 4,0 og 4,5 40 cm og sokkaprjónar nr. 4,5.

Prjónfesta: 18 L og 24 umf. á 10 x 10 cm.

Aðferð 1 (stallar í úrtöku)




Fitjið upp 80 L á hringprjón nr. 4,0. Tengið saman í hring og prjónið 1 L sl, og 1 L br. út umferðina. Prjónið 4 umferðir sl og br. Skiptið yfir á hringprjón nr. 4,5. Prjónið þá slétt prjón þar til húfan mælist 12 cm frá uppfiti. Skiptið yfir á sokkaprjóna nr. 4,5 og hafið 20 L á hverjum prjóni.

Úrtaka: prjónið þar til 2 L eru eftir á prjóni og prjónið þá 2 L saman. Endurtakið út umferðina. Takið úr í annarri hvorri umferð þar til 10 L eru eftir á hverjum prjóni. Prjónið þá slétt prjón 4 cm. Haldið áfram með úrtökur í enda hvers prjóns í annarri hvorri umferð þar til 5 L eru eftir á hverjum prjóni. Prjónið þá aftur slétt

prjón 4 cm án úrtöku. Prjónið úrtöku í enda hvers prjóns í annarri hvorri umferð þar til 3 L eru eftir á hverjum prjóni. Prjónið þá 3 cm án úrtöku og fellið af.

Aðferð 2 (aflíðandi úrtaka)



Fitjið upp 80 L á hringprjón nr. 4,0. Tengið saman í hring og prjónið 1 L sl, og 1 L br. út umferðina. Prjónið 4 umferðir sl og br. Skiptið yfir á hringprjón nr. 4,5. Prjónið þá slétt prjón þar til húfan mælist 12 cm frá uppfiti. Skiptið yfir á sokkaprjóna nr. 4,5 og hafið 20 L á hverjum prjóni.

Úrtaka: prjónið þar til 2 L eru eftir á prjóni og prjónið þá 2 L saman. Endurtakið út umferðina. Takið úr í þriðju hvorri umferð þar til 4 L eru eftir á hverjum prjóni. Þá eru prjónaðir 4 cm án úrtöku. Síðan eru teknar saman 2 L í miðjum hverjum prjóni, þá eru 3 L á hverjum prjóni. Prjónið 3 umferðir og fellið af.

Felið enda og skolið létt upp úr volgu sápuvatni, notið ullarsápu. Leggið til þerris.

Skúfur:

Efni: Tvinnað band 50 gr.

Áhöld: Bók eða annar hlutur ca. 15 - 20 cm að lengd, skæri og javanál.

Aðferð:

Vefjið bandinu utan um t.d. bók sem er 20 cm að lengd. Vefjið ca 100 sinnum utan um bókina. Klippið bandið frá. Þræðið tvöfalt band ca 60 cm á lengd í nál og stingið nálinni undir vafninginn á kili bókarinnar. Hnýtið nokkra hnúta til að festa vel. Takið nú vafninginn af bókinni og vefjið ca 2 cm frá hnútnum utan um allan vafninginn, vefjið nokkrum sinnum til að festa vel, hnýtið saman og stingið endunum inn í skúfnum. Klippið böndin neðst á skúfnum.

Setjið nú hólkin upp á húfuendann.

Fáið ykkur nú annað band ca 50 cm langt og saumið skúfnum fastan við enda húfunnar. Saumið allan hringinn og jafnvel tvo hringi. Festið endann og stingið inn í skúfnum.

Smokrið hólkinum yfir samskeytin svo að þau sjáist ekki.